



Skrifstofa Alþingis
-nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

EFNI: Athugasemdir Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) við frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands – tillaga að breytingu. Þingskjal 705 – 442. mál.

FRV leyfir sér hér með að setja fram eftirfarandi tillögu til breytinga á ofangreindu frumvarpi til laga sem nú er til meðferðar Alþingis. Félagið leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð á 8. gr. frumvarpsins sbr. undirritaður texti hér að neðan sem yrði 2. mgr. 8.gr. laganna. Einnig yrði gerð sú breyting á 4. mgr. sömu lagagreinir að bætt yrði inn undirstrikuðum texta í umrædda málsgrein. Aðrar málsgreinar sömu lagagreinir eru óbreyttar. Eðlilega þyrfti jafnframt að finna nýtt heiti á viðkomandi lagagrein.

8. gr.

Starfsmenn ríkisins við alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er heimilt að ráða starfsmenn til tímabundinna starfa við afmörkuð verkefni í þróunarsamvinnu erlendis, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Þróunarsamvinnustofnun getur sagt upp slíkum ráðningarsamningi með þriggja mánaða uppsagnarfresti ef verkefninu er hætt, því lýkur fyrr en ætlað var eða starfsmaðurinn getur ekki sinnt starfi sínu vegna aðstæðna í gistiríkinu.

Þróunarsamvinnustofnun er heimilt að fela lögaðilum framkvæmd tiltekinna verkefna stofnunarinnar erlendis. Skilyrði um hæfni og reynslu lykilmanna viðkomandi lögaðila er umsjón hafa með viðkomandi verkefnum skulu sett með reglugerð.

Utánríkisráðuneytinu er heimilt, að höfðu samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands, að ráða starfsmann Þróunarsamvinnustofnunar tímabundið í starf hjá ráðuneytinu, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Telst viðkomandi vera starfsmaður ráðuneytisins og í launalausum leyfi frá Þróunarsamvinnustofnun á meðan hann gegnir starfinu. Við slíka ráðningu er heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996. Með sama hætti má veita embættismanni eða fastráðnum starfsmanni ráðuneytisins tímabundið starf hjá Þróunarsamvinnustofnun.

Útsendir starfsmenn ríkisins og lögaðila í þróunarsamvinnu erlendis skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Þeim er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samningum, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þeir mega ekki taka þátt í stjórnmalastarfi eða mótmælum í því landi sem þeir starfa.


Að mati Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) er eðlilegt að Þróunarsamvinnustofnun hafi möguleika á því að fá til samstarfs lögaðila til þess að vinna að lausn þeirra verkefna sem stofnunin tekur að sér erlendis. Slík heimild myndi að mati félagsins breikka það svið er stofnunin getur unnið á. Ljóst er að starfsmenn utánríkisráðuneytis, Þróunarsamvinnustofnunar og utanaðkomandi einstaklingar hafa eðli máls samkvæmt aðeins reynslu og þekkingu á afmörkuðu sviði. Ýmis verkefni er lúta að uppbyggingu og styrkingu samfélaga kallar á

viðtæka þekkingu á mörgum sviðum. Að mati FRV er því óeðlilegt að einskorða þróunaraðstoð íslenska ríkisins við aðkomu einstaklinga er stofnunin ræður til starfa í lengri eða skemmri tíma. Með hliðsjón af nútíma verkefnastjórnun og aðgangi að fjölbættri sérfræðiþekkingu er eðlilegt að í lögunum sé heimild til þess gera samninga við lögaðila um að sinna verkefnum erlendis á sviði þróunaraðstoðar. Lögaðilar, eins og til dæmis stórar verkfræðistofur, hafa innan sinna vébanda mikinn fjölda einstaklinga með þekkingu og reynslu á mismunandi sviðum sem myndi nýtast eftir þörfum við margs kyns verkefni á sviði þróunaraðstoðar. Þar er jafnframt að finna mikla þekkingu og reynslu á sviði verkefnastjórnunar er myndi nýtast vel á verkefnasviði þróunarsamvinnustofnunar. Að mati FRV er hér einstakt tækifæri til þess að gera þróunarsamvinnustofnun öflugri og auka möguleika hennar á að veita viðtækari aðstoð. Um leið væri það ómetandi reynsla fyrir t.a.m. verkfræðistofur að koma að verkefnum sem þessum. Alþjóða hjálparstofnanir leggja mikið upp úr reynslu ráðgjafa þegar þær leita eftir aðkomu þeirra að hjálparstarfi eða þróunarverkefnum. Íslenskir aðilar hafa átt þar litla aðkomu þar sem þeir státa ekki af reynslu á umræddu sviði. Að mati FRV er mikilvægt í þessu sambandi að opna fyrir þann möguleika að lögaðilar geti sinnt verkefnum á sviði þróunaraðstoðar íslenska ríkisins.

FRV bendir á að í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins er mikið fjallað um starfsmannaskipti milli þróunarsamvinnustofnunar og utanríkisráðuneytisins. Í því sambandi má nefna að borið hefur á gagnrýni á þróunarsamvinnustofnun fyrir að ráða til starfa ríkisstarfsmenn eða stjórnálamenn er leiti sér tilbreytingar í starfi ellegar áhugaverðrar persónulegrar reynslu. Hvort sem gagnrýni að þessu tagi eigi rétt á sér eða ekki liggur fyrir að breyting á lögunum til samræmis við tillögu FRV hér að ofan myndi kalla á faglega og árangurstengda nálgun verkefna og þá um leið faglegri ímynd málaflokksins og stofnunarinnar.

Reykjavík, 11. apríl 2008

f.h. stjórnar FRV



Magnús Baldursson frkvstj.